

# Vistsporið

Fréttabréf Vistbyggðarráðs

2.tbl. 1.árg. 5. júlí 2011



## Dagskrá haustsins

Haldnir verða tveir opnir fundir á „haustönn“ eða þann 28.okt og 18. nóvember.

Viðfangsefni þessara funda verða þeir efnisflokkar sem nú afmarka vinnuhópa Vistbyggðarráðs og verður fjallað um, byggingarreglugerð, orkunýtingu, vistvæn byggingaefni, vistvænt skipulag o.s.frv.

Dagskrá og staðsetning verður nánar auglýst síðar.

## Vistbyggðarvikan 19.-23. september

Vikan 19.-23. september hefur verið skilgreind sem alþjóðleg

Vistbyggðarvika (Green Building Week) .



Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi vistvænna bygginga og framkvæmdum og þeim jákvæðum áhrifum sem hægt er að hafa á bæði umhverfi, loftslagsmál og heilsu fólks. Víða um heim eru haldnir ýmis konar viðburðir í þessari viku til

að vekja athygli á þessu málefni. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir fyrirtæki, félög og stofnanir sem starfa með grænar áherslur í mannvirkjageiranum til að vekja athygli á starfsemi sinni eða einstökum verkefnum.

Vistbyggðarráð mun standa fyrir einhvers konar viðburðum þessa viku en ef það eru einhverjir sem vilja vera með og/eða koma viðburðum á framfæri þá endilega hafið samband við framkvæmdastýru.

Lesi má nánar um World Green Building Week og þá viðburði sem haldnir voru á síðasta ári á: <http://www.worldgbc.org/site2/index.php?cID=94>

## Stefnumótun- viðtöl við aðila

Í ágúst mun framkvæmdastýra eiga viðtöl við aðila Vistbyggðarráðs þar sem farið verður yfir starfsemina, hlutverk, markmið og margt fleira. Viðtölin eru mikilvægur grunnur að stefnumótun VBR. Um leið gefst aðildafélögum eða fulltrúum þeirra tækifæri á að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.

Sendur er út spurningalisti til að fara yfir áður er viðtalið fer fram til að tryggja að allir hafi jafna

aðkomu og þá er hægt að kanna hug aðila til ýmissra praktískra mála nú þegar eitt og hálf ár er liðið frá því að Vistbyggðarráð var stofnað.

Þegar búið er að taka viðtöl við sem flesta verður haldinn fundur þar sem farið verður yfir stöðuna og hugmyndir ræddar og kynntar meðal allra aðila.

## Vinnuhópar



Starfið í vinnuhópunum gengur vel og verður lögð áhersla á að kynna enn betur starfsemi þeirra næsta vetur. Þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna og hafa verið að vinna að ýmsum verkefnum. Til að mynda munu Vinnuhóparni, hver um sig, gera drög að umsögn um nýja byggingarreglugerð, en Vistbyggðarráð mun senda frá sér formlega umsögn sem að sjálfsgöðu mun leggja áherslu á vistvæna þætti, stefnumótun og framkvæmd.

## Aðilafundur

Stefnt er á aðilafund í september með fyrirlesara en tilgangurinn er þó ekki síst að efla tengsl á milli aðila og gefa þeim tækifæri á að deila reynslu og bera saman bækur. Dagskrá og nánari dagsetning auglýst síðar.

## Myndir frá ráðstefnunni 12. maí

Ráðstefnan tókst afar vel og voru þátttakendur tæplega 80.

Lesið mán nánar um ráðstefnuna og nálgast fyrirlestra á vefsíðu vbr. [www.vbr.is](http://www.vbr.is)

